AUGLÝSING

um samning við Bahamas um áframhaldandi gildi samnings um framsal sakamanna.

Með orðsendingum dagsettum 7. mars 1978 og 22. júlí 1980 var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Bahamas um að samningur frá 31. mars 1873 um framsal sakamanna ásamt viðbótarsamningi frá 25. október 1938 haldi gildi sínu í samskiptum Íslands og Bahamas í framsalsmálum þar til nýr samningur kann að verða gerður.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. desember 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Nr. 18. 29. desember 1980.

AUGLÝSING

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Sovétríkjanna.

Hinn 11. september 1980 var undirrituð í Moskvu bókun um gagnkvæmar vöruafgreiðslur frá Íslandi og Sovétríkjunum á árunum 1981—1985.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. desember 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

BÓKUN
um gagnkvæmar vöruafgreiðslur frá Íslandi og Sovétríkjunum á árunum 1981 — 1985.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Sovétríkjanna

óska að treysta undirstöður langtímasamvinnu sem er báðum til hagsbóta í samræmi við ákvæði lokasamþykktar ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu sem undirrituð var í Helsinki hinn 1. ágúst 1975,

hafa hliðsjón af því jákvæða hlutverki sem viðskiptasamningar til langs tíma gegna í þróun viðskipta milli Íslands og Sovétríkjanna,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. Viðskiptin milli Íslands og Sovétríkjanna á tímabilinu frá 1. janúar 1981 til 31. desember 1985 skulu fara fram á grundvelli lista 1 og 2 með bókun þessari er ákveða kvóta fyrir árlegar gagnkvæmar vöruafgreiðslur.

Báðir aðilar skulu leitast við að auka viðskiptin og stefna að jöfnuði í þeim eins og frekast er unnt.

2. Ofangreindir listar 1 og 2 skulu ekki vera til takmörkunar. Íslenskir lögaðilar og einstaklingar og sovéskar stofnanir á sviði utanríkisviðskipta geta gert samninga um afgreiðslur vara sem eru ekki á þessum listum eða umfram tilgreint magn eða upphæðir.

3. Gagnkvæmar vöruafgreiðslur samkvæmt bókun þessari skulu fara fram samkvæmt ákvæðum viðskipta- og greiðslusamnings milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Sovétríkjanna frá 1. ágúst 1953, með þeim breytingum sem gerðar voru á honum með bókun við samninginn, undirritaðri hinn 31. október 1975, svo og í samræmi við ákvæði erindanna sem aðilarnir skiptust á hinn 25. maí 1927.

Í þessu sambandi skal téður samningur, með breytingum þeim sem á honum hafa verið gerðar, og téð erindi gilda til 31. desember 1985 og má þá enn framlengja gildistíma þeirra samkvæmt ákvæðum samningsins og erindanna þar að lútandi.

4. Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Sovétríkjanna skulu hvenær sem nauðsynlegt þykir tilnefna fulltrúa sem koma saman til skiptis í Moskvu og Reykjavík til að athuga framkvæmd bókunar þessarar um gagnkvæmar vöruafgreiðslur og til að semja og samþykkja viðeigandi tillögur og ráðstafanir á sviði viðskipta milli Íslands og Sovétríkjanna.

5. Bókun þessi tekur gildi hinn 1. janúar 1981.

Gjört í Moskvu hinn 11. dag septembermánaðar 1980 í tveimur frumritum, hvoru um sig á íslensku og rússnesku, og skulu báðir textar jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands	Fyrir hönd ríkisstjórnar Sovétríkjanna
Tómas Árnason	M. Kuzmin

LISTI 1

yfir vörur sem afgreiða á frá Sovétríkjunum til Íslands árlega á tímabilinu 1981 — 1985.

Vöruheiti	**Magn eða verðmæti**
Vélar og tæki	US$ 3,0 — 4,0 milljónir
Bensín	allt að 100000 tonnum
Gasolía	100000 — 190000 tonn
Svartolía	110000 — 180000 tonn
Stálpípur	allt að 2000 tonnum
Valsaðar vörur úr öðrum málmum en járni	10 — 20 tonn
Timbur	30000 m^3
Rúðugler	10000 m^2
Ýmsar vörur (áburður, krossviður og spónaplötur, pappírsvörur og pappi, efnavörur, úr og klukkur, létt vín og sterkir drykkir og annað)	US$ 1,5 milljónir
Vörur afgreiddar í vöruskiptum	Samkvæmt samkomulagi hlutaðeigandi aðila

LISTI 2

yfir vörur sem afgreiða á frá Íslandi til Sovétríkjanna árlega á tímabilinu 1981 — 1985.

Vöruheiti	**Magn eða verðmæti**
Fryst fiskflök	12000 — 17000 tonn
Heilfrystur fiskur (þar með talin síld)	4000 — 7000 tonn
Fiskimjöl	10000 — 20000 tonn
Saltsíld	15000 — 20000 tonn

Vöruheiti	Magn eða verðmæti
Niðursoðið og niðurlagt fiskmeti	US$ 4,0 — 6,5 milljónir
Prjónaðar ullarvörur	US$ 2,0 — 2,6 milljónir
Ullarteppi	US$ 1,0 — 1,3 milljónir
Treflar, ullargarn og gólfteppi	US$ 1,0 milljón með mögulegri aukningu
Málning og lökk	1500 — 2000 tonn
Ýmsar vörur (skinn og skinnavörur, skófatnaður, pappírsöskjur og kassar, vélar og tæki fyrir fiskiðnað, fiskilínur og kaðlar, kísilgúr, ostur og annað)	US$ 1,5 milljónir
Vörur afgreiddar í vöruskiptum	Samkvæmt samkomulagi hlutaðeigandi aðila

Nr. 19. 29. desember 1980.

AUGLÝSING

um samkomulag við Ísrael um menningar- og vísindasamstarf.

Með orðsendingaskiptum dagsettum 10. október 1980 var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Ísraels um menningar- og vísindasamstarf.

Orðsendingaskiptin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. desember 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

a. Orðsending sendiherra Ísraels til utanríkisráðherra.

Reykjavík, 10. október 1980

Hr. utanríkisráðherra.

Ég leyfi mér að tilkynna yður að ríkisstjórn Ísraels, er óskar að styrkja vinsamleg tengsl við lýðveldið Ísland, telur við hæfi að leggja til að ríkisstjórnir landanna tveggja stuðli að þróun menningar- og vísindasamvinnu milli landanna.

Ríkisstjórn Ísraels leggur til að samstarfið beinist m. a. að eftirtöldum málefnum:

Vísindum og tækni;
verktækni á sviði landbúnaðar;

a. Note to the Minister for Foreign Affairs from the Ambassador of Israel

Reykjavík, 10 October 1980

Your Excellency,

I have the honour to inform Your Excellency that the Government of the State of Israel, guided by the desire to strengthen friendly relations with the Republic of Iceland, considers it appropriate to propose that the Governments of the two countries promote the development of cultural and scientific cooperation between their two countries.

The Government of the State of Israel suggests that cooperation might comprise the following fields among others:

science and technology;
agricultural techniques;